

Ár 1975, þriðjudaginn 4. mars, var í máli nr. 1/1975  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Æ U R :

Málavextir eru þeir, að með mati millimatsmanna í Dverár-  
hreppi, Vestur-Hánavatnssýslu, frá 3. desember 1974 var tekið  
í fasteignamat hláða, er eigandi jarðarinnar Saurbæs í neindum  
hreppi hafði látið reisa á jörðinni. Í matsgerð millimatsmanna  
er hláðan talin reist árið 1974 og stærð hennar 2146 rúm.  
Efn. er þar talið stálgrind. Er hláðan metin á 897 þús. krónur.

Með brófi, dags. 28. desember 1974, kærði eigandi ofan-  
greindrar eignar ummæti mat til Yfirfasteignamatnefndar, þar  
sem hann telur matið of lágt. Vitnar kærandi meðal annars til  
þess, að hláðan hafi vegna lántöku vorið metin á 3,6 millj.  
króna.

Athugun á vegum Yfirfasteignamatnefndar á fasteignamati  
sambærilegra mannvirkja þykir ekki leiða í ljós, að nægileg  
ástæða sé til að hnekkja framangreindu mati millimatsmanna.  
Samkvæmt því verður kærán ekki tekið til greina.

Ú R S K U R Æ A R O R ð :

Ofangreind kærán er ekki tekið til greina.

Gaukur Jökundsson

Torfi Asgeirsson

Eðlini Jónsson